

# Fréttabréf ÍRA



1. ÁRGANGUR.

7. TÖLUBLAÐ.

SEPTEMBER 1979.

## Ævintýri úr útileikunum

Laugardagurinn 4. ágúst var eins og bezt varð á kosið; ytra viðraði ágætlega og innra með mér var ég fullur kapps um að ná góðum árangri í fyrstu TF-útileikunum. Eftir hádegissaltfiskinn var ekið um bæinn í leit að skikkanlegu QTH og margt kom nú til greina; Arnarhóll, Landakotstúnið, gömlu vatnsgeymarnir við Sjómannaskólann, Skólavörðuholtið..... Já, þar var Hallgrímskirkjan sem gnæfir hátt yfir allri höfuðborgarbyggðinni og mun þaðan freista radióamatöra allra tíma, burtséð frá kirkjurækni þeirra. Ójá, og hún freistaði mín.

Aftarlega við kirkjuskipið standa enn vinnupallar frá jörðu og upp fyrir hvelvinguna sem rís aftast á byggingunni, upp fyrir þakhæð kirkjunnar. Með QRP sendiviðtæki frá '3ANN undir handleggnum hóf ég að feta mig upp vinnupallana og von bráðar var ég kominn alla leið upp í víðáttuna í samfélagi með reykvísku dúfunum sem flögruðu þarna allt umhverfis mig. Eftir að hafa dáðst að útsýninu drjúga stund kom ég upp loftneti á staðnum. Öllu heldur kom ég því niður, því netið var ekki merkilegra en hönk af örgrönnum magnetvír, hvers enda ég kastaði niður með lyklakippu á endanum. Þá gat ég lagzt niður og farið að huga að sendinum í þessu ágæta QTH sem að líkindum var fullt eins fallið til andlegra sem jarðnesk-

ra sambanda, þótt hið fyrrnefnda yrði ekki reynt að þessu sinni.

Frá því er skemmst að segja, að þarna dvaldi ég í sjöunda himni og þótti gott að ná samböndum við '3UA/M og '3JB/M á loftnetsnefnuna þá arna og með 1w inn.

Adam var þó ekki lengi í Paradís, því eftir eitthvað 2ja tíma dvöl þar efra



heyrðist valdsmannsleg rödd að baki mér og skipar mér að hypja mig niður til jarðarinnar hið snarasta. Röddin sú reyndist eiga upptök í jarðneskum (-mér létti...) búki sem klæddur var einkennisbúningi íslensku löggæzlunnar og þá sá ég út undan mér hvar annar vörður laganna var á leiðinni upp féлага sínum til halds og trausts. Sem sómakær og heiðvirður borgari bögglaðist ég við að reyna að skýra setu mína þar efra, en engu tauti varð komið við yfirvaldið. Möglunarlaust tók ég saman föggur mínar og hélt niður í fylgd þessara féлага minna og dúfnanna efra.

Þegar komið var niður og mér þótti tími kominn til að kveðja, voru vinir mínir ekki alveg á sama máli. Ég skyldi vessgú koma með niður á stöð -og þeir ækju mér. Og ég átti einskis úrkosta annars en að setjast inn í Svörtu Maríu og þiggja ökuferðina. Hvar ég sat aftur í járnrekanum varð mér lítið aftur úr og sá þar '3UA/M akandi á eftir í humátt. Leiðir skildu er var í hlað á Hverfisgötunni og ég var leiddur inn. Fyrir utan skrifstofu varðstjórana beið ég í nokkrar mínútur undir traustu eftirliti en var svo vísað inn. Mér varð hugsað til K6SSS vestur í Ameríku sem nágrannarnir sendu í DXpedition í tugthúsið. Hann hafði víst ekki lítið sömu augum á loftnetin sín og turnana og nágrannarnir -út frá sjónarmiði fagurfræðinnar.... Núnú, hér stóð ég nú og þuldi upp sögu mína fyrir varðstjóranum og kunningjum mínum tveimur sem aldrei slepptu af mér augunum. Einhvern veginn fannst mér, þegar á leið, spennan í kringum mig dvína og mér létti þegar varðstjórinn tók að spyrja nánar um þetta undarlega áhugamál mitt. Satt að segja heyrðist mér hann hálf leiður yfir að hafa kannski eyðilaggt fyrir mér útileikana og ég fullvissaði hann um að svo væri ekki. Loks var mér sagt að lögreglan hefði fengið nokkrar tilkynningar úr hverfinu um „drukkinn mann sem klifrað hefði um alla kirkjuna og loks lagzt til svefns aftast á vinnupöllum. Auðvitað varð mér skemmt við þessi tíðindi og var tekið af mér loforð um að tilkynna réttum aðilum um svona nokkra fimleika næst þegar mér dytti í hug þvíumlíkt.

Við skildum í mesta bróðerni, meira að segja þóttist ég hafa haldið fram máli hugsjónarinnar svo vel að þeir væru næstum gengnir í Í.R.A. .... Með þessu lauk raunar skráðri þátttöku minni í 1. útileikum Í.R.A. Því að heiman náði ég ekki fleiri samböndum á 1w. Þessi dagur var þó fyllilega umstangsins virði. Sjáumst í næstu

TF-útileikum...

73s de TF3KX.


## ÞÁTTAKA MÍN Í ÚTILEIKUM ÍRA 1979.

Fimmtudaginn fyrir útbleika IRA sat ég sveittur við að troða viðtæki inn í kassann sem hýsir gamla ferðasendinn minn (AF118-AUY10/OC72). Ég hlustaði með öðru eyranu á bílabylgjuna, 2790 kHz, og veitti því athygli að skilyrði fóru versnandi þar þessa dagana. Varð mér þá hugsað til þess, að helgina tæpum fjórum vikum áður setti ég upp „landsins besta háloftabylgjunet“ fyrir skálann í land-mannalaugum, sem notar bílabylgjurnar við Gufunes. Eftir að hafa reynt netið allan sunnudaginn frá hádegi til kvölds, reif ég það niður í örvilnan til að leiðnimæla vírinn. Samt lagðist netið á sendinn alveg eins og ég átti von á. Háloftabylgjan var hins vegar nákvæmlega jafngóð og frá gerfilofneti ÍRA. Skýringin reyndist vera algjört svartnætti í fareindahvolfinu þennan dag, hvað innanlands-sambönd á þessu tíðnisviði áhrærði.

Nú fóru útileikarnir í hönd, 27. og 28. daginn frá þessum „svarta“ sunnudegi, og mikið rétt, ARRL handbókin staðfesti að blessuð sólin snýst einn hring um sjálfa sig á u.þ.b. 27,5 dögum! Ekki veit ég hvort hún klappar líka saman lófunum, en mér var skapi næst að stappa niður fótunum. Ég var að undirbúa þátttöku mína í útleikunum sem átti að felast í 80m innanlandssamböndum frá afskekktum stöðum!

Þegar leikarnir hófust á laugardag, trónaði ég efst á fjallshrygg austan Tindfjalla. Þá hafði ég aldrei heyrt vott af háloftabylgju á 2790 kHz síðan ég fór úr bænum kvöldið áður. Það var sama hvernig ég kallaði á 3525 kHz, þar heyrði ég ekki tíst. Útvarps-DX reyndist líflegur ofarlega á stuttbylgju, en undir 10 MHz var allt dautt.

Sunnudagsmorgun vaknaði ég fyrir allar aldir eftir mínum mælikvarða, skreið úr tjaldi mínu uppi í Emstrum og út í bíl. Sama sagan. Ekkert rauf þögnina á 3525 kHz, og á bílabylgju heyrðist aðeins



Gufunes radió og nálægir bílar á jarðbylgju. Það var ekki fyrr en síðdegis á sunnudag að ég heyrði smáskvettu af háloftamerkjum á 2790 kHz. Hún stóð þó stutt og ég náði engu í seinni tímanum á 3525 kHz. Þá var ég á leið inn í Hrafninnusker, þar sem við tjölduðum þriðju nóttina. Rétt fyrir kl. 2300 reyndi ég FM útvarpsbylgjuna af rælni, og heyrði þá ágætlega fréttir og dagskrárlok í norska útvarpinu

Um miðnæturskeið rölti ég aftur niður í bíl, og þá var komið sterkt QSB á Gufunes. Ég stillti inn á 3525 kHz og heyrði TF5GW kalla CQ. Hann svaraði mér strax og höfðum við ágætt QSO í u.þ.b. 20 mín. Þá fór hann að dofna mikið og ég hætti við fyrirætlun mína um að prófa hálfbylgju vírloftnet. Fram að þessu hafði tiltrú mín á skilyrðin ekki verið nægileg til að ég hefði fyrir því að nota viðameira loftnet en stöngina á bílnum.

Þetta varð mitt einasta samband alla ferðina. Ég kallaði nokkrum sinnum daginn eftir, mánudag, einkum síðasta spölinn til Reykjavíkur. Þegar ekkert heyrðist, hvarflaði að mér hvort ég væri orðinn einn eftir á 3525 kHz hér sunnanlands?

tf3dx.

TF3JB stakk nýlega upp á að mánaðarlega birtist listi í fréttabréfinu yfir fjölda staðfesta (m. QSL) DXCC landa sem hver amatör eða hlustari hefði náð og gæti hver gefið Fréttabréfinu upp sinn fjölda skv. nýjustu talningu. Hugmyndin var strax gripin og hér á eftir fer listi yfir stöðu þeirra sem 3KX hefur hitt undanfarið og spurt inni í félagsheimili. Sumir vildu vera svo pottþéttir að þeir töldu kortin ekki aðeins heima, heldur komu með þau inn í ÍRA til frekari staðfestingar og eru þeir merktir með Q fyrir aftan:

TF3CW	203	Öllum er frjálst að taka þátt í þessu og hvetjum
TF3YH	185 Q	við sem flesta að koma upplýsingum um stöðu
TF3JB	138	sína til Fréttabréfsins. Nægilegt er að telja
TF3US	111	saman kortin heima og koma landafjöldanum
TF3DC/		munlega til 3KX eða 3YH. Auðvitað er þá
TF5DC	107 Q	mönnum treyst til að telja rétt, annað verður
TF3035	105	leiðinlegast fyrir þá sjálfa.


Enginn þarf að vera feiminn við að sitja neðarlega á listanum, þaðan er alltaf auðveldara að bæta við sig en í efri sætunum....

Gjaldkerinn segist ekkert hafa á móti því að sjá árgjaldið hjá þeim sem eiga það enn ógreitt....

## RTTY Á SKJÁNUM 2. hl.

Í síðasta fréttabréfi birtist fyrri hluti greinarinnar um SCT-100 skjá-RTTY tækið. Þar var því lýst almennt, og drepið á aðlögun þess að skjá, viðtæki og sendi. Nú skal lýsingunni haldið áfram og einnig fjallað um verð o. fl.

Í venjulegu RTTY sambandi er notaður Baudot kóði. Hann er myndaður úr 5 bitum. Með því er átt við að sérhvert tákni er sent sem röð af spennupúlsum og bilum, annað hvort er spenna á eða ekki. Að auki er sendur upphafs og lokapúlsl til þess að unnt sé að skynja upphaf og lok hvers tákns. Venjulega er lokabitinn lengri en hinir 6, en á SCT-100 eru allir bitarnir jafnlangir. Hef ég þó ekki orðið var neinna vandræða vegna þessa. Dæmi um bitasamsetningu stafsins R er á mynd 1.



Fjöldi samstæða sem hægt er að ná með 5 bitum er  $2^5 = 32$  tákni. Hins vegar er ASCII kóðinn samsettur úr 7 bitum og fjöldi tákna því  $2^7 = 128$  tákni. Lykilborð það sem notast við SCT-100 tækið gefur frá sér ASCII kóða. Honum er breytt yfir í Baudot kóða í tækinu. Sé sent tákni sem ekki er til á Baudot er því sleppt og ekkert sent út.

Á venjulegu RTTY vélum er greint á milli stafa annars vegar og talna og flestra annarra tákna hins vegar með því að styðja á sérstaka takka, svipað og á ritvélum. Þessi boð eru send send sérstök tákni. Þetta er sjálfvirk á SCT-100 tækinu, þannig að þegar tala er send á eftir staf eru fyrst send boðin um að nú komi tala, og síðan kemur talan.

Í viðtöku á RTTY brennur oft við að ekki eru send boð um að byrja nýja línu í tæka tíð. Þetta kemur þó ekki að sök á SCT-100 því endurnýjun línu er sjálfvirk. Það gildir þó aðeins um Baudot notkunina en ekki ASCII.

Á SCT-100 borðinu er 1 k RAM ( les-skrif minni ). Það gerir kleift að geyma 1024 tákni inni á minninu og sjást þau í 16 línunum á skjánum, 64 í hverri. Þegar ritað er á fullan skjá bætist við hann neðan frá og ein lína í einu hoppar ofan af og týnist. Þetta veldur því að menn verða að skrifa hjá sér hinar ýmsu QSO upplýsingar strax og telst það einn af ókostum


þess að hafa ekki prentara. Einnig missa menn af því gamni að taka á móti myndum og tónlist" því ekki verður það gert á skjánum. Hins vegar er fyrir hendi sá kostur að taka þær upp á segulband og spila á prentara

Á skjánum er bæði hægt að hafa hvíta stafi á dökkum flöt og dökka stafi á ljósum. Valið er á milli frá lykilborðinu. Einnig er hægt að fastsetja annan kostinn og stjórna einhverju öðru í staðinn frá lykilborðinu. Það gæti verið t.d. val milli sendingar og móttöku, þ.e. hafa KOX (keyboard operated transmission) á einfaldan hátt. Þetta er þó aðeins hægt á ASCII.

Sem fyrr segir er kostur á mun fleiri táknum á ASCII kóðanum en á Baudot. Í mynd 2 eru öll 128 táknin sýnd. Þau eru sett saman úr punktum sem raðað er upp í 8 mjóar raðir og 5 dálka (5x8 dot matrix). ASCII notkunin býður að auki upp á marga kosti við staðsetningu beininsis (cursor), en það er lítið merki sem er undir þeim staf sem næst kemur fram á skjánum. Einnig eru nokkrar stjórnskipanir (control functions) t.d. að þurrka út eina línu eða fleiri.

Að lokum má geta þess að þórrann af öllu þessu verki framkvæmir ein dvergrás á borðinu. Hún heitir 5870 og er örtölva (microcomputer) á einum kubb. Allar rásir eru lágafls og þarf að umgangast þær varlega. Aflgjafi borðsins getur verið þrenns konar. 7-11 VDC, 0.75 A óreglað, 8-10 7AC, 0.75A og 5VDC, 0.75A reglað. Verð tækisins án spennis er \$ 167.00 ósamsett og lykilborðið má fá fyrir u.þ.b. \$ 80.00. Fyrirtækið heitir; XITEX Corp. 9861 Chartwell Dr., Dallas Tex 75245,U.S.A.

Mynd 2.



73s de TF3UA.

DX-fréttir: Skilyrði í ágústmánuði hafa verið fremur léleg framan af. 10 metrarir hafa verið svo til alveg dauðir þó heldur sé að lifna yfir þeim nú í seinni part mánaðarins.

80m CW GJ3EML

40m CW C31OE(0140),4X4VE(2009),EA9EO(2230) W2TDQ/SV9(0046)

20m CW HS1ABD(1857),EA9EO(1906),OY9J(0109),K3ALS/HB0(2355)

SSB UH8HAI(1829),ZL4LZ(1041),VK6YL(1026),ZK1AM(1103)

15m CW M1C(1244),EA9EO(1407),CE3BF(2225),VK2AFG(1228)

SSB TG4NX(1809),WA4UAZ/HC1(1812),CM2RX(2340),VK5AZ(1418)

10m CW LU8DQ(1627),9H79ED(1508),KV4CI(2103)

SSB ZP5RG(2038)

DX-info. frá TF3DC/TF5DC.

VE1...St. Paul Is. VE7BTV og W7ISX verða á eyjunni 14-24 sept. Þeir munu nota standard DX-pedition tíðnir 10-80 m. QSL VE7BTV.

A2....Fyrir þá sem vantar Botswana þá er A2CDK oft á 15 m um kl. 1600z (í kringum 21,250 MHz). Einnig hefur A2 CRK heyrst á 14,130 MHz um kl. 1900z. QSL Box 35, Francistown. XZ....Burma. VE3FXT verður í Burma frá og með 1. sept. Hefur hann fengið leyfi frá stjórnvöldum um að framkvæma þar "propagation test". Góður möguleiki er einnig talinn á að George verði leyfð operation. Ef hann kemst í loftið, verður hann á 21,225 MHz.

4X6...Ísrael. Nýr prefix fyrir er nýr prefix fyrir erlenda leyfishafa, með gagnkvæm leyfi, þar í landi.

73's de TF3YH.

#### Punktur frá TF5

Áhugi fyrir amatör radió hefur aukist verulega á Akureyri sl. 2-5 ár. Það sem áhuganum lýsir best eru nýyfirastaðin próf þar sem 4 Akureyringar fóru í T-próf en einn í A-próf og stóðust allir (geri aðrir betur). Er nú svo komið að myndast hefur hópur áhugamanna þar, svo að allt bendir til þess að amatör radió eigi eftir að blómstra á Akureyri. Nokkrir framtakssamir einstaklingar hafa tekið sameiginlegt húsnæði á leigu sem þegar er hafið að innrétta. Þetta húsnæði hefur verið hugsað sem sameiginlegt athvarf fyrir þá sem áhuga hafa á amatör radió og sem stað sem menn gætu komið á og kynnt sér amatör radió. Um tengsl við Í.R.A. hefur ekkert verið ákveðið enn. Áætlað er að reyna að koma upp loftnetum á staðnum hafa þar móttakara og síðar meir operation. Áhugi fyrir 2m er mikill (hi) og hafa nokkrir félagar þegar drifið í að panta sér 2m tæki. Það má því búast við Akureyringum virkum á öllum böndum sem notuð eru á Íslandi á komandi vetri.

73's de TF3DC/TF5DC.

FRÉTTABRÉF Í.R.A.

Útg.: Íslenskir radióamatörar.

-Póstfang: Pósthólf 1058, 121 Rvk.

Aðgangur: Dagsmaður 1, Reykjavík

Seljum í stykkjatölu alls konar rafeindaefni, eins og:

Viðnám, þétta, díóður, transistora., dvergrásir, spenna og margt fleira.

Ennfremur vörur frá JOSTY KIT, eins og:

Dimmer AT 357,

2 Amper snertistilli,

Ljósashow AT 468, 4x2 Amper,

Spennubreyti NT 300, 2 Amper, 3-30 Volt,

SYSTEM MIX -ný tegund af hljóðmixer frá JOSTY KIT.



Og síðast, en ekki sízt: Sjálfvirkur morslykill í einni dvergrás, CURTIS 8047 (sjá m.a. félagsblað ÍRA, CQ-TF, síðasta hefti).

-Íslenzkur verð- og vörulisti.

-Sendum í póströfu.

**☒ SAMEIND HF.**

GRETTISGATA 46 PÓSTHÓLF 7150 127  
REYKJAVÍK SÍMI 91-21386 NAFNNR.7472-8014



**TÍZKUEAFLUN**  
Læggvengi 37 og 89  
sími 12841 Reykjavík



**VÍSIR**  
Fyrstur með fréttirnar  
www.visir.is

FJÖLRITUNARSTOFA DANÍELS HALLDÓRSSONAR

-hefur fjölritað fréttabréfið á vildarkjörum og á margfaldar þakkir skildar fyrir ásamt auglýsendum, sem sýnt hafa okkur velvilja í verki.

FRÉTTABRÉF Í.R.A.

Útg.: Íslenzkir radióamatörar.

-Póstfang: Pósthólf 1058, 121 Rvk.

-Aðsetur: Dugguvogur 1, Rvk.

Ritstj. &, ábm. :Kristinn Andersen (TF3KX), Sólvallag. 59, R.

Efni sendist til: TF3KX, pósthólf 1058, 121 Rvk,

-Í síðasta lagi 20. hvers mánaðar fyrir næstu útgáfu.

